


SNIÐ A-A
MKV: 1:500




SNIÐ B-B
MKV: 1:500




DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR
MKV: 1:500




NÚVERANDI ÁSTAND
MKV: 1:1000




SKIPULAGSUPPDRÁTTUR SAMÞ. 24.06.1949
(EKKI Í RÉTTUM MÆLIKVARÐA)

| | NÚVERANDI ÁSTAND | | DEILISKIPULAG |
|---|---|---|---|
| ÍÞRÓTTAHÚS HAGASKÓLA | STÆRÐ LÓÐAR: | 3121 m2 | ÓBREYTT |
| | BYGGINGARMAGN: | 1260 m2 | |
| | NÝTINGARHLUTFALL: | 0.40 | |
| LEIKSKÓLI HAGABORG | STÆRÐ LÓÐAR: | 4033 m2 | ÓBREYTT |
| | BYGGINGARMAGN: | 569 m2 | |
| | NÝTINGARHLUTFALL: | 0.14 | |
| NESKIRKJA | STÆRÐ LÓÐAR: | 9980 m2 | ÓBREYTT |
| | BYGGINGARMAGN | | |
| | NESKIRKJU | 1113 m2 | ÓBREYTT |
| | SAFNAÐARHEIMILI | | 900 m2 |
| | NÝTINGARHLUTFALL | 0.11 | 0.20 |
| BÍLASTÆÐI | 89 STÆÐI | | ÓBREYTT |

SKILMÁLAR




AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2001-2024

STAÐGREINIR 1.544.1

SKÝRINGAR TÁKNA

- SKIPULAGSREITUR
- SKIPULAGSMÖRK
- LÓÐARMÖRK
- BYGGINGARREITUR
- F FRIÐUÐ BYGGING

AFMÖRKUN DEILISKIPULAGSSVÆÐIS

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Neshaga til norðurs, Hagatorgi í austri, Fornhaga til suðurs og göngustig sem liggur á milli Neshaga og Fornhaga til vesturs. Svæðið nær yfir þrjár lóðir, lóð íþróttahúss Hagaskóla, lóð leikskólans Hagaborgar og lóð Neskirkju.

NÚVERANDI STAÐA

Deiliskipulagssvæðinu er skipt í tvo meginhluta með bílastæðum sem staðsett eru vestast á kirkjulóðinni með aðkomu frá Neshaga og Fornhaga. Bílastæðin eru á lóð kirkjunnar en eru samnýtt samkvæmt sérstökum samningi dags. 10.02.1993

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

Mjög er þrengt að gróskumikilli starfsemi í Neskirkju. Til að bæta starfsaðstöðu í kirkjunni hefur sóknarnefnd áform um byggingu safnaðarheimilis.

Deiliskipulagstillaga þessi fjallar fyrst og fremst um afmörkun byggingarreits og gerð skilmála fyrir byggingu safnaðarheimilis Nessóknar á lóð Neskirkju.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á lóðum Hagaborgar og íþróttahúss Hagaskóla.

Ytra borð Neskirkju er friðað. Tillaga að staðsetningu hefur verið unnin í samráði við Húsafriðunarnefnd ríkisins og Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar.
Safnaðarheimilinu hefur verið valinn staður vestan kirkjunnar þar sem nýbyggingin hefur lágmarks áhrif á ásýnd kirkjunnar. Gert er ráð fyrir beinni tengingu safnaðarheimilis við kirkjuna með tengigangi sem leggst að vesturhlið kirkjunnar. Nánari útfærsla tengingarinnar verður unnin í samráði við Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Sýna skal hógværð og taka mið af Neskirkju við formun safnaðarheimilis og efnisval.

Ekki er ráðgerð breyting á aðkomuleiðum né aðalinngangi í kirkjuna. Aðalinngangur í safnaðarheimilið verður á vesturhlið þess.

Fjöldi og fyrirkomulag bílastæða ásamt ökuleiðum um lóð kirkjunnar verður óbreytt.
Bílastæði eru 89 að tölu og samnýtast. Fjöldi þeirra er ríflegur. Að degi til notar starfsfólk Neskirkju og Hagaborgar stæðin, íþróttahús tilheyrir Hagaskóla og kennarar nýta einnig stæði við skólann.
Á kvöldin og um helgar þegar mest er um að vera í safnaðar- starfi er engin starfsemi í Hagaborg og sjaldan starfsemi í íþróttahúsi sem krefst bílastæða. Viðbótarbyggingamagn vegna safnaðarheimilis kallar á fá stæði að degi til.

Stefnt er að endurskipulagningu lóðar kirkjunnar að öðru leyti í tengslum við hönnun safnaðarheimilis. Fyrirhugað er að bæta aðstöðu til útivistar í tengslum við starfsemi í byggingunum og leitast við að skipuleggja lóðina betur með það markmið að leiðarljósi að hún nýtist betur almenningi við ýmis tækifæri.
Til þess að upphefja ásýnd kirkjunnar frá ýmsum sjónarhornum getur reynst nauðsynlegt að breyta gróðurskipulagi frá því sem nú er.

SJÁ EINNIG SKÝRINGARUPPDRÁTT

AUGLÝSING UM GILDISTÖKU BIRTIST Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN

______________ 2002

SAMÞYKKT Í BORGARRÁÐI 25.06.02 ÚG.

DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR ÞESSI SEM AUGLÝSTUR HEFUR VERIÐ SKV. 1. MGR. 26. GR. SKIPULAGS- OG BYGGINGALAGA NR.73/1997 VAR SAMÞYKKTUR Á EMBÆTTISAFGR. FUNDI SKIPULAGSFULLTR.

23. ÁGÚST 2002

OG Í BORGARRÁÐI ÞANN

Helga Bragadóttir 2002

| | |
|---|---|
| VERKKAUPI: SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ REYKJAVÍKUR | KENNITALA: 650102-4790 |
| VERKHEITI: REITUR VIÐ NESKIRKJU | |
| EFNI: DEILISKIPULAG MKV. 1:500 | |
| TEIKN | IL |
| YFIRFARIÐ | ROB |
| VERK NR: 830 | BLAÐ NR: 101 |
| DAGS. ÚTGÁFU: 06.06.2002 | KENNITALA ÚTGEFANDA: 210850-4499 |
| STÆRÐ: A1 | ENDURSK. |
| ÚTGEFIÐ | |

VA ARKITEKTAR ehf
Skólavörðustig 12
101 Reykjavik
simi: 530 6990
bréfsimi: 530 6991
netfang: va@vark.is

Teikning þessi er gefin út af undirrituðum fyrir hönd eiganda höfundaréttar, VA Arkitektar ehf
Teikninguna má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild án skriflegs leyfis höfundar.